



# Ársskýrsla **2022**

Staðlaráð Íslands



Íslenskir staðlar



©Staðlaráð Íslands  
Urðarhvarfi 8B  
203 Kópavogur  
Sími: 520 7150  
stadlar@stadlar.is  
www.stadlar.is

**Umsjón og ritstjórn:** Helga Sigrún Harðardóttir  
**Forsíðumynd:** Arngrímur Blöndahl  
**Ljósmyndir:** Arngrímur Blöndahl, Ólína Kr. Margeirsdóttir, Silla Páls  
**Umbrot og grafísk vinnsla:** Einar Þór Guðmundsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Hugvekja framkvæmdastjóra .....	5
<b>HLUTVERK OG STJÓRNARHÆTTIR .....</b>	<b>6</b>
Stefna Staðlaráðs .....	6
Aðilar að Staðlaráði .....	7
Stjórnin .....	8
Mannauður .....	9
<b>STARFIÐ INNANLANDS .....</b>	<b>10</b>
Staðlabúðin .....	11
Útgáfa .....	11
Staðfesting staðla .....	11
Kynningar- og markaðsstarf .....	11
Sala staðla og annarra gagna .....	11
Byggingarstaðlaráð .....	12
Fagstaðlaráð í fiskimálum .....	13
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni .....	13
Rafstaðlaráð .....	14
<b>ALÞJÓÐLEGT STARF .....</b>	<b>15</b>
Evrópustöðlun, CEN, CENELEC, ETSI .....	15
Alþjóðleg stöðlun, ISO, IEC .....	16
Norrænt samstarf, Insta og Norek .....	16
<b>ÁRSREIKNINGUR .....</b>	<b>17</b>

# Ávarp stjórnarformanns

Staðlar eru mikilvægur þáttur í því að gera heiminn í kringum okkur öruggari og atvinnulíf sem beitir stöðlum nýtur ávinnings af þeim ekki síður en viðskiptavinir þeirra. Staðlar eru hinsvegar flestum ósýnilegir í daglega lífinu.

## Staðlar stuðla að bættri framleiðni

Nýleg könnun á þjóðhagslegum ávinningi af stöðlum á Norðurlöndum og Hollandi leiddi í ljós að rekja má 25% aukna framleiðni vinnuafis á árunum 1970-2019 til notkunar staðla. Helstu drifkraftar eru í fyrsta lagi bætt samvirkni, þannig að ólíkar vörur vinna hindrunarlaust saman. Í öðru lagi auðveldar staðlanotkun skilgreiningar á kröfum og gæðatryggingum. Aukin notkun staðla eykur samkeppni og styrkir samkeppnishæfni þar sem staðlar veita aðgengi að bestu fánlegu tæknilegum upplýsingum (e. state-of-art) sem eru þá aðgengilegar fyrir alla aðila markaðarins á hagkvæmu verði. Staðlastarf leggur mikilvægan hornstein fyrir nýsköpun með því að koma á samstarfsvettvangi fyrirtækja. Hér er nærtækt að benda á samvinnu um tækniforskrift kolefnisjöfnunar sem kom út síðastliðið haust, auk gróskumikils starfs fagstaðlaráða. Staðlar veita enn fremur aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum. Þessir drifkraftar auka framleiðni og leggja sitt af mörkum til efnahagslífsins til lengri tíma.

## Tækifæri og áskoranir

Undanfarið ár hefur Staðlaráð markvisst aukið samskipti við fulltrúa ráðuneyta og ríkisstofnana til að benda á gagnsemi staðla í löggjöf, bæði vegna innleiðingar Evrópureglugerða og vegna tilvísana til staðla í íslenski löggjöf. Þessi gagnlegu samtöl hafa dregið fram ýmis tækifæri. Svo sem að bæta þarf þekkingu á og aðgengi að stöðlum til að opinberir aðilar geti betur nýtt staðla og hvernig betur mætti samræma vinnulag opinberra aðila við notkun staðla. Ólíkar áskoranir blasa við hagsmunaaðilum okkar:

*Ríkisstofnanir og ráðuneyti* hafa ekki veitt fjármunum í kaup á stöðlum viðkomandi verkefnum þeirra nema í litlum mæli. Ríkisstarfsmenn hafa ekki haft nægar upplýsingar um staðla sem tilheyra regluverkinu þar sem upplýsingar um samhæfða staðla hafa ekki verið birtar í samræmi við ákvæði laga um vöruröryggi o.fl. Þekkingu um staðla og tilvísanir í þá hefur ekki verið viðhaldið og leiðbeiningar um notkun þeirra eða tilvísanir til þeirra ekki verið gefnar út.

*Einstakar atvinnugreinar* hafa of litla þekkingu á kröfum um CE merkingar og í litlum mæli sóst eftir upplýsingum um þær. Enda hafa upplýsingar um samhæfða staðla ekki verið birtar, nema um byggingarvörur. Upplýsingar um lögbundnar eða valkvæðar kröfur um ýmsar neytendavörur hafa því ekki verið aðgengilegar, og ítrekað koma fram spurningar og kröfur um endurgjaldslaut aðgengi að stöðlum sem vísað er til með bindandi hætti. Þekkingarskortur aðila á markaði hefur einnig gert eftirlitsaðilum erfitt fyrir.



*Neytendur/almennigur* getur ekki treyst því að vörur á markaði séu öruggar. Aðgengi að upplýsingum um tilvísaða staðla er ekki tryggt og stjórnarskrávarinn réttur til aðgangs að stöðlum sem löggjafinn hefur skyldað aðila til að fylgja, hefur ekki verið virtur.

*Staðlaráð Íslands* hefur staðið frammi fyrir verulegri skerðingu á fjármögnun þjónustusamnings á undanförunum 10 árum þar sem hækkun í krónum talið var lítil. Það hefur veikt ráðið verulega í viðleitni þess til að þjónusta hagaðila með eðlilegum hætti og til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til ráðsins í lögum og skv. EES samningi. Þá hefur ráðið fengið til sín aukin verkefni, bæði vegna aukinna krafna sem fylgja EES samningi og vegna skorts á þekkingu úti á mörkuðum. Þá hefur ráðið einnig setið uppi með önnur kostnaðarsöm verkefni sem ríkið hefur ekki fjármagnað að fullu, þó um sé að ræða lögbundin verkefni sem leiða beint af kröfum EES samningsins. Má þar t.d. nefna endurskoðun tæplega 60 evrópskra þolhönnunarstaðla. Bætt var úr fjármögnun þjónustusamnings um síðustu áramót en enn vantar upp á að fjárhagsleg og þar með fagleg staða ráðsins sé viðunandi, enda hefur starfsmönnum fækkað þrátt fyrir aukin verkefni.

## Takk fyrir mig og takk fyrir ykkur

Stjórn Staðlaráðs hittist alls tólf sinnum á síðasta starfsári. Stjórnin hefur lagt áherslu á stuðning við starfsemina, ráðgjöf og eftirlit með rekstrinum. Meðal verkefna stjórnar var vinna að innleiðingu strategíu Staðlaráðs, þar sem er að finna vegvísi til framtíðar auk metnaðarfullrar aðgerðaráætlanar. En fjármagn er nauðsynlegt til að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd.

Ég vil þakka aðildarfélagum Staðlaráðs fyrir samstarf á árinu, þeim fjölmörgu sérfræðingum atvinnulífsins sem hafa lagt sitt af mörkum til stöðlunarverkefna, stjórnarfélki fyrir sitt framlag, og síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Staðlaráðs fyrir vel unnin störf árið 2022. Eftir sex ára stjórnarsetu, þar af fjögur ár sem formaður, hef ég ákveðið að gefa keflið áfram til nýrrar forystu. Megi Staðlaráði vegna sem allra best í framtíðinni, landi og þjóð til heilla.

Kristjana Kjartansdóttir,  
formaður Staðlaráðs Íslands



# Best þegar allt virkar

Staðlar eru, ólíkt því sem margir halda, ekki til þess að búa til gráa kassa, alla eins. Þvert á móti stuðla þeir að nýsköpun því með þeim eru sett viðmið um virkni, öryggi og tiltekin gæði sem stuðla að því að til verða betri vörur sem koma svo á ýmsu formi. Einn mest staðlaði hluti markaðarins eru ýmis konar snjalltæki sem byggja á fjarskiptatækni. Samt er enginn skortur á ýmsum tilbrigðum við þau. Mest er um vert þegar þau „tala svo saman“ án hnökra. Þá fyrst vitum við að staðlar virka.

Það er nefnilega þannig að virkni staðla „sést“ best þegar við verðum sem minnst vör við þá. Við verðum mjög fljótt og jafnvel áþreifanlega vör við það þegar þeir eru ekki notaðir og hlutir fara að fara úrskaiðis, bila eða verða hættulegir heilsu okkar eða umhverfi. Virði staðla er því ekki eingöngu fólgið í sparnaði, meiri framleiðni og aukinni virkni því notkun þeirra kemur beinlínis í veg fyrir heilsutjón, fúsk, fjártjón og álag á fólk. Það er hins vegar ekki alltaf einfalt eða auðvelt að vera næstum ósýnilegur.

## Við erum ekki ríkið...

Staðlaráð er hagsmunasamtök þeirra sem hag hafa af stöðlum og stöðlun, ekki ríkisstofnun, þó margir haldi annað. Við gegnum hins vegar mikilvægu hlutverki fyrir hönd ríkisins við að vera „Íslenski bitinn“ í staðlapúsli heimsins. Við staðfestum evrópska staðla sem Íslenska til að tryggja aðgang okkar að einsleitum og samræmdum innri markaði í Evrópu og til að tryggja aðgang okkar að þeim hluta regluverksins sem tryggir neytendavernd, heilsuvernd, umhverfisvernd, virkni og öryggi. Þar er bæði um að ræða valkvæða staðla og staðla sem vísað er til í Íslenskri löggjöf með bindandi hætti.

Íslenska ríkinu hefur ekki alltaf gengið nógu vel að fylgja starfi Staðlaráðs eftir því þjónustusamningur ráðsins við ríkið gerir ekki ráð fyrir að ráðið sinni verkefnum sem alla jafna er á borði opinberra aðila. Eins og að birta upplýsingar um þá staðla sem vísað er til í löggjöfinni. Það dugar nefnilega ekki til að Staðlaráð staðfesti evrópska staðla sem Íslenska, haldi úti Staðlaskrá, veiti aðgang að 70.000 stöðlum sem búnir eru til af færustu sérfræðingum á hverju sviði og taki virkan þátt í stöðlunarstarfi alþjóðlegra og evrópskra staðlasamtaka ef það er enginn til að taka við neinu hér á landi. Til að tryggja ávinning af notkun þessarra merkilegu verkfæra þarf að tryggja þekkingu um þá og notkun þeirra og aðgengi að þeim meðal opinberra hagaðila. Staðlaráð lagði grunn að aukinni fræðslu, stuðningi og aðgengi að upplýsingum og stöðlum á vinnustofu með opinberum hagaðilum á fyrri helmingi árs 2023.

Til allrar hamingju hafa margir samstarfsaðila okkar hjá hinu opinbera góðan skilning á mikilvægi og virði staðla og leggja af mörkum bæði fjármagn og vinnu til að ná fram sem bestri niðurstöðu fyrir alla. Enn er þó að finna alvarlegar gloppur í samstarfi Staðlaráðs við hið opinbera sem einkum sést í vanfjármögnun á tilteknum stöðlunarverkefnum sem þó eru hluti af skyldum ríkisins. Það veldur okkur, sem hömumst við að uppfylla skyldur ríkisins á þessu sviði, verulegum vandkvæðum enda tekst okkur þá ekki að uppfylla okkar hlutverk með fullnægjandi hætti heldur.

## Hvenær, hvernig, af hverju?

Norsku systursamtök okkar, Standard Norge, gerðu á dögnum rannsókn á tilvísun til staðla í löggjöf til að komast að því hvar þær virka best og hvar ekki, af hverju, hvað ræður tilvísun til staðla og hvers konar mat fer fram áður en ákveðið er hvort vísað skal til staðla í lögum eða ekki. Stöðlun hefur í gegnum tíðina verið tengd hönnun og framleiðslu á vörum þó á seinni árum hafi stöðlun á sviði upplýsingatækni og stafrænnar þróunar aukist mikið. Í dag eru umhverfismál og stafræn þróun helstu þróunarsvið í heimi stöðlunar. Forsögunnar vegna er því mikið til af góðum og nytsamlegum stöðlum um hönnun og framleiðslu vara og það ræður að einhverju leyti því hvort vísað er til staðla enda auðveldara verkefni þar sem úr miklu safni er að velja. Tilvísun til staðla er frekar notuð þar sem þekking á þeim er fyrir hendi og er t.a.m. mikið notuð í norskum fiskiðnaði, olíuðnaði og við vegagerð og umfangsmikil notkun er í norskri löggjöf tengdri mannvirkjagerð eins og á Íslandi. Tilvísanir til staðla eru oftast valkvæðar þannig að þeir eru notaðir til að styðja við útfærslur löggjafarinnar og til að tryggja gæðaeftirlit opinberra stofnana. Í stuttu máli má segja að staðlar séu viðeigandi á alþjóðlegum sviðum, þar sem ná þarf fram mikilli netvirkni tiltekinna útfærslna eða hlífni, á sviðum hátækni, þar sem framleiðsluferlar eru flóknir og þar sem þörf er á samræmdum mælingum meðal margra og yfir lengri tíma. Á sviðum sem einkennast af mjög litlum aðilum á markaði eða þar sem samkeppnishæfni er minni, eru þeir minna notaðir.

**Stöðlun er hagkvæm og skynsöm leið til þess að treysta öryggi, neytenda- og heilsuvernd og leysa flóknar og aðkallandi áskoranir með samhæfðum lausnum. Staðlar eru einnig órjúfanlegur hluti löggjafar sem er gríðarlega mikils virði en verða ekki til úr engu. Framundan eru spennandi tímar þar sem sameiginlegum áskorunum opinberra hagaðila verður mætt með auknu samstarfi og úrbótaverkefnum sem ætlað er að auka samhljóm, samvirkni og samstarf meðal þeirra sem bera skyldur vegna innleiðingar evrópugerða, vegna tilvísana til staðla í öðrum lögum og þeirra sem vilja ná betri árangri með samhæfðum lausnum sem búnar hafa verið til af færustu sérfræðingum á þeirra sviði.**

Helga Sigrún Harðardóttir,  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands



# Hlutverk og stjórnarhættir

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Umfang og útfærslur staðlastarfs á Íslandi eru skilgreindar í lögum nr. 36/2003, í aðildarkröfum evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og í þjónustusamningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þar sem meðal annars er kveðið á um að Staðlaráð fari með atkvæði Íslands í evrópusamtökunum CEN, CENELEC og ETSI. Auk þess á ráðið aðild að alþjóðasamtökunum ISO, IEC. Helstu verkefni Staðlaráðs eru að hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi, aðhæfa og staðfesta sem íslenska staðla þá staðla sem leiðir af aðild að erlendu staðlasamstarfi, greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum, stuðla að því að erlendir staðlar sem gagnast íslensku athafnalífi verði staðfestir sem íslenskir staðlar, starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs, gefa út staðlaskrá, veita aðgengi að stöðlum, veita fræðslu og upplýsingar um staðla og veita ýmsa þjónustu á sviðum þar sem staðlar koma við sögu.

## Stefna Staðlaráðs

Á árinu 2021 vann starfsfólk Staðlaráðs Íslands að endurnýjun á stefnu ráðsins sem rýnd var og staðfest af stjórn undir árslok. Stefna ráðsins er að vera framúrskarandi og eftirsóttur samstarfsaðili sem gegnir lykilhlutverki við að tengja saman hagsmunaaðila með það að markmiði að búa til einfaldar, samhæfðar og virðisaukandi lausnir á flóknum áskorunum og með því stuðla að frábærum árangri fyrirtækja og stofnana á sviði sjálfbærni, gæða, öryggis og afkomu.

**Markmið okkar er að styrkja samstarf og samráð við stjórnvöld og tryggja fjármögnun lögbundinna verkefna og faglegan stuðning við Staðlaráð**

**Markmið okkar er að auka þekkingu um staðla, gildi þeirra og virði með fræðslu og að bæta upplifun viðskiptavina**

**Markmið okkar er að efla faglegt starf og auka samstarf við aðra fagaðila**

**Markmið okkar er að Staðlaráð sé áhugaverður og eftirsóttur vinnustaður**

**Markmið okkar er að bæta ásýnd og ímynd Staðlaráðs**

Þessum markmiðum var unnið að, hörðum höndum, á árinu 2022 og er verkefnum hvergi nærri lokið. Stefnt er að því að endurskoða stefnu ráðsins á árinu 2023.

Með stefnu sinni leggur Staðlaráð áherslu á hlutverk sitt sem samstarfsvettvangur hagsmunaaðila. Í því felst að fóstara og verkefnastýra stöðlunarverkefnum til að leysa áskoranir, ekki síst á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það gerum við með því að svara þörf fyrir aukna fræðslu, upplýsingagjöf, samstarf og þjónustu við opinbera aðila og einkafyrirtæki.

Þjónusta Staðlaráðs byggir á þremur meginstólpum; útvegum staðla, verkefnastjórn í innlendu staðlastarfi og upplýsingagjöf- og fræðslu. Þá er Staðlaráð einnig tengiliður við fjölbjóðleg staðlasamtök þar sem sérþekking Íslands nýttist við staðlagerð á heimsvísu.

Í tækninefndum Staðlaráðs starfa okkar bestu og hæfustu sérfræðingar atvinnulífsins á hverju sviði. Þannig eiga bestu viðmið og bestu mögulegu lausnir greiða leið inn í íslenska staðla.

Staðlaráð Íslands starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001:2015.





# Aðilar að Staðlaráði Íslands 2022

Aðild að Staðlaráði eiga 90 fyrirtæki og stofnanir sem mörg hver taka virkan þátt í starfi Staðlaráðs og fagstaðlaráðunum fjórum; Byggingarstaðlaráði, Fagstaðlaráði í fiskitækni, Fagstaðlaráði í upplýsingatækni og Rafstaðlaráði.

Advania  
Alcoa Fjarðaál  
Arion banki  
Arkitektafélag Íslands  
Auðkenni  
Ábyrgar fiskveiðar  
Byggingafræðingafélag Íslands  
Carbfix  
Efla  
ELKEM Ísland  
Faggildingarsvið Hugverkastofu  
Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð  
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Fjarskiptastofa  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Forsætisráðuneytið  
Framkvæmdasýsla ríkisins  
Geislavarnir ríkisins  
Greiðsluveitan  
Hagar  
Hagstofa Íslands  
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti  
HS Orka  
HS Veitur  
Húsasmiðjan  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
ICEPRO  
IÐAN fræðslusetur  
Innviðaráðuneyti  
Íslandsbanki  
Íslenska kalkþörungafélagið

Kópavogsbær  
Landsbankinn  
Landsnet  
Landspítalinn  
Landsvirkjun  
Límtré Vírnet  
Ljósleiðarinn  
Lota  
Mannvit  
Marel  
Markus Lifenet  
Matvælaráðuneytið  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Míla  
Netorka  
Neytendasamtökin  
Neytendastofa  
Norðurorka  
Origo  
Orka náttúrunnar  
Orkufjarskipti  
Orkusalan  
Orkuveita Reykjavíkur  
Orkuvirki  
Rafiðnaðarsamband Íslands  
Rafmennt  
Raftákn  
Rarik  
Ráður  
Reiknistofa bankanna

Reiknistofnun Háskólans  
Reykjavíkurborg  
Ríkiskaup  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Samgöngustofa  
Samtök atvinnulífsins  
Samtök fjármálafyrirtækja  
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi  
Samtök iðnaðarins  
SART - Samtök rafverktaka  
Seðlabanki Íslands  
Síminn  
Skipulagsstofnun  
Steinsteypufélag Íslands  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Strendingur  
Sæplast Iceland  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Utanríkisráðuneytið  
Vegagerðin  
Veitur  
Verkfræðingafélag Íslands  
Verkhönnun  
Verkís  
Vinnuefirlit ríkisins  
Þjóðskrá Íslands  
Þorbjörn  
Össur



# Stjórn 2022-2023

Stjórn Staðlaráðs er skipuð gríðarlega öflugum mannskap frá fimm aðildarfyrirtækjum Staðlaráðs. Í stjórninni sitja einnig formenn fagstaðlaráðanna fjögurra auk þess sem tveir varamenn stjórnar hafa tekið virkan þátt í starfi hennar.

## **Stjórn Staðlaráðs 2022-2023 skipuðu:**

Kristjana Kjartansdóttir, formaður, Verkfræðingafélaginu  
Sigurður Mátsson, varaformaður, Advania

Ásdís Sigurðardóttir, Marel  
Egill Viðarsson, Verkís  
Emil Sigursveinsson, Verkís  
Gyða Björg Sigurðardóttir, Ráði  
Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Eflu  
Kristján Þorbergsson, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi  
Þór Jes Þórisson, Mílu

Varamenn í stjórn:  
Ágúst Valgeirsson, Advania og  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Umhverfisráðuneytinu



Íslenskir staðlar






# Mannauður Staðlaráðs

Staðlaráð hafði á að skipa sjö starfsmönnum í árslok 2022 sem margir eiga langan starfsaldur hjá ráðinu. Þar sem starfsemin teygir sig um allt atvinnulífið, inn í stjórnsýsluna og inn í daglegt líf okkar allra eru verkefni margbreytileg. Starfsmenn hafa því allir fjölbreytileg hlutverk á sinni könnu.



*Anna Þóra Bragadóttir,  
sölustjóri og bókari*



*Arngrímur Blöndahl,  
gæðastjóri og ritari  
Byggingarstaðlaráðs*



*Arnhildur Arnaldsdóttir,  
verkefnastjóri*



*Guðmundur Valsson,  
ritari Fagstaðlaráðs í  
upplýsingatækni og Rafstaðlaráðs*




*Haukur Logi Jóhannsson,  
verkefnastjóri*



*Helga Sigrún Harðardóttir,  
framkvæmdastjóri*



*Kristbjörg Richter,  
móttökustjóri*



# Starfið innanlands

Starf Staðlaráðs Íslands á árinu 2022 var að mestu með hefðbundnu sniði. Stjórn og starfsmenn fóru í ítarlega stefnumótunarvinnu í upphafi árs þar sem samþykkt voru fimm ný markmið sem stefnt skyldi að til framtíðar. Eitt þeirra var styrking á samstarfi við stjórnvöld til að auka skilning og þekkingu á staðlastarfi og treysta grundvöll fjármögnunar á lögbundnum verkefnum sem Staðlaráð sinnir fyrir ríkið vegna skuldbindinga í EES samningi. Önnur markmið eru að auka þekkingu um staðla, gildi þeirra og virði, efla faglegt starf, m.a. með fjölgun fagsviða, að bæta ásýnd og ímynd Staðlaráðs og að tryggja að Staðlaráð sé áhugaverður og eftirsóttur vinnustaður. Fjöldmörg verkefni voru í framhaldi skilgreind til að ná þessum markmiðum. Framtíðarsýn okkar er að Staðlaráð Íslands sé framúrskarandi, óháður og eftirsóttur samstarfsaðili sem leikur lykilhlutverk við að tengja saman hagaðila, búa til samhæfðar og virðisaukandi lausnir og stuðla að nýsköpun og frábærum árangri fyrirtækja og stofnana. Til þess þarf þó að treysta fjármögnun lögbundinna verkefna enn betur en orðið er því stuðningur og auknið samstarf verður ekki til úr engu.

Við tókum þátt í norrænu samstarfi staðlasamtaka og sveitarfélaga þar sem fram kom að yfirgnæfandi meirihluti svarenda meðal sveitarfélaga töldu þörf fyrir iðorðastaðal og þörf fyrir staðal um viðmið til að auðvelda markmiðssetningu og skilning á árangri og áskorunum vegna lagalegra skuldbindinga. Helst var þó rætt um þörf fyrir auknið samstarf og sameiginlega stefnu til að búa til samhæfðar lausnir um mælingar á útblæstri og flestir lýstu áhuga á að þróaður yrði staðall sem tæki á útreikningum á losun og bindingu.

Á árinu var gefin út tækniforskrift um kolefnisjöfnun sem inniheldur kröfur með leiðbeiningumbæði til loftslagsverkefna sem framleiða kolefniseiningar og fyrirtækja sem vilja kaupa þær einingar til að jafna útblástur sinn eftir að hafa dregið úr losun eins og hægt er og ráðist í mótvægisáðgerðir. Tækniforskrifin byggir á aðferðum úr alþjóðlegum ISO stöðlum og byggir þannig á alþjóðlegum viðmiðum sem aðilar á markaði um allan heim þekkja og virða. Tækniforskrifin sjálf inniheldur kröfur um að hinum alþjóðlegu viðmiðum sé fylgt og bætir svo við tæknilegri útfærslu á eiginlegri kolefnisjöfnun sem vantað hafði þó hún hafi verið skilgreind sem slík í lögum um loftslagsmál. Að mótun tækniforskriftarinnar stóðu allir helstu hagsmunaaðilar hér á landi, sem hlaupa á tugum. Tilkomu hennar fylgir aukinn trúverðugleiki og gagnsæi sem breytir landslagi loftslagsmála til frambúðar og áhrif hennar

geta orðið minnkandi kolefnislofsun frá íslensku atvinnulífi og aukin binding kolefnis sem aftur getur leitt til nýrrar atvinnugreinar á Íslandi í formi fjölbreyttra kolefnisverkefna, jafnvel til útflutnings. Á árinu var lagður grunnur að stofnun nýs fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum en ætluin er að stofna það formlega á aðalfundi í maí 2023.

Framkvæmdastjóri sótti aðalfund CEN og CENELEC í Tékklandi í júní. Þar var m.a. farið yfir auknar skyldur sem verið er að leggja á staðlasamtök vegna nýrrar stefnu ESB sem felur í sér aukna áherslu á notkun staðla sem hluta löggjafar og breytinga á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)1025/2012 sem innleidd var með reglugerð 798/2014 um evrópska stöðlun. Þá er samstarf við staðlasamtök Norðurlandanna mjög gott og samflot með þeim við gerð rannsóknna á virði staðla, upplýsingaskipti um sameiginleg málefni og Staðlaráð Íslands nýtur góðs af stuðningi þeirra og velvild á ýmsum sviðum. Eitt þeirra verkefna sem norrænu staðlasamtökin unnu að í sameiningu ásamt hollenskum samtökum á árinu var að mæla hvaða áhrif staðlar hafa á framleiðslu og útflutning. Hér á landi eru staðlar taldir stuðla að framleiðniaukningu sem nemur um 3,4 milljörðum árlega og staðlar eru taldir stuðla að auknum útflutningi vara fyrir 1,6 milljarða árlega. Fjárhagslegt virði staðla nemur því a.m.k. um 5 milljörðum á hverju ári m.v. verðlag ársins 2023. Er þá ótalinn samfélagslegur ávinningur sem felst í heilsuvernd og öryggi fólks, neytendavernd, umhverfisvernd svo eitthvað sé nefnt.

Vottuðu gæðastjórnunarkerfi hefur verið viðhaldið skv. aðildarkröfum að CEN og CENELEC en vottunarúttekt fór fram af hálfu DNV þann 8. september 2022. Með því eru stöðugar umbætur tryggðar, að sífellt sé leitað leiða til að gera betur og árangur mældur með hlutlægum mælingum. Stöðugt mat á hagsmunum hagaðila og endurskoðun stefnumótunar er einnig hluti af því verkefni sem rekstur gæðastjórnunarkerfisins felur í sér.

Starfsmenn Staðlaráðs hófu leit að nýju húsnæði undir starfsemi sína á árinu þar sem leigusamningur í Þórunnartúni rann út í maí 2023 en ætluin var að minnka við sig og hugsa vinnuáðstæður upp á nýtt. Sú leit skilaði niðurstöðum í upphafi árs 2023 og Staðlaráð flutti í Urðarhvarf 8b þann 14. apríl 2023, tveimur dögum fyrir 30 ára afmæli sitt en það var stofnað formlega þann 16. apríl 1993.

## Staðlabúðin

Heildarumfang staðla sem finna má í vefverslun Staðlaráðs telur um 70.000 staðla. Tæp 60% þeirra er alþjóðlegir staðlar, mikið notaðir í milliríkjasamningum, við opinber innkaup, til að tryggja gæði, öryggi og heilsuvernd, tryggja virkni ýmissa kerfa s.s. fjarskipta og á ýmsum sértækum sviðum atvinnulífsins. Um 28.000 staðlar til viðbótar eru s.k. evrópustaðlar sem eru hluti af evrópskum viðmiðum um allt milli himins og jarðar, þ.a. 4.300 s.k. samhæfir staðlar sem vegna innleiðingar evrópugerða hérlendis hafa orðið hluti af íslenskum lagaramma.

## Útgáfa

Ef frá er talin reglubundin útgáfa íslenskra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN, CENELEC og ETSI, þá voru 54 staðlar og stöðlunarskjöl gefin út á vegum Staðlaráðs á árinu:

- *ÍST 150:2022 Raflagnir fyrir íbúðarhúsnæði - Gerð, staðsetning, lagnaleiðir og fjöldi tengistaða*
- *ÍST TS 92:2022 Tækniforskrift - Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum / Technical specification - Carbon offsetting: Specification with guidelines*
- *ÍST TS 146:2022 Innihald almennra rafrænna skilríkja / Content of federal digital certificates*
- *ÍST TS 310:2022 Innlendir greiðslur og innlán / Domestic payments and deposits*
- *ÍST TS 311:2022 Yfirlit debet og kreditkorta / Debit and credit cards details and statements*
- *ÍST TS 312:2022 Gengi gjaldmiðla / Currency exchange rate*
- *ÍST TS 313:2022 Erlendar greiðslur / Foreign payments*
- *ÍST TS 314:2022 Rafræn skjöl / Digital Documents*
- *ÍST TS 315:2022 Kröfur / Claims*
- *ÍST INSTA 500-3:2021 Safe working on lifts*
- *ÍST INSTA 2072-1:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 1. Definitions and Scope*
- *ÍST INSTA 2072-2:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 2. Welding method*
- *ÍST INSTA 2072-3:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 3. Visual inspection*
- *ÍST INSTA 2072-4:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 4. Marking. Documentation*
- *ÍST INSTA 2072-5:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 5. Defining the durability of weld joints. Destructive test methods*
- *ÍST INSTA 2072-6:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 6. Welding equipment calibration*
- *ÍST INSTA 2072-7:2021 Plastic Pipes. Butt Fusion. Part 7. Qualification test*
- *ÍST IEC/IEEE 80005-1:2019 Utility connection in port - Part 1 High voltage shore connection (HVSC) systems - General requirements*
- *ÍST IEC/IEEE 80005-2:2016 Utility connection in port - Part 2 High and low voltage shore connection systems - Data communication for monitoring and control*
- *ÍST IEC PAS 80005-3:2014 Utility connection in port - Part 3 Low voltage shore connection (LVSC) systems - General requirements*
- *ÍST IEC 60092 sería um landtengingar skipa og IEC 60533:2015 (32 staðlar í heildina)*
- *ÍST IEC/IEEE 80005-1:2019/A1:2022 Utility connection in port - Part 1 High voltage shore connection (HVSC) systems - General requirements*

Skv. 2. mgr. 2. gr. laga um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003 er heimilt að gefa staðal út á erlendu tungumáli ef sýnt þykir að það hindri ekki not hans.

## Staðfesting staðla

Staðfestingarnefnd starfar á vegum stjórnar og sér um að staðfesta staðla. Í nefndinni situr Þorvarður Kári Ólafsson fv. formaður FUT og fulltrúi Þjóðskrár og Hafsteinn Pálsson tilnefndur fulltrúi frá umhverfis- auðlindaráðuneyti. Varamaður er Emil Sigursveinsson, stjórnarmaður Staðlaráðs og formaður Rafstaðlaráðs.

Á árinu 2022 voru staðfestir 1.711 íslenskir staðlar og 1.099 staðlar voru felldir úr gildi. Frumvörp, auglýst til umsagnar, voru 2.493 talsins. Í lok ársins 2021 voru 30.167 staðlar í gildi á Íslandi sem fjölga um 118 á milli ára. Þeir skiptast í eftirtalda flokka:

CEN og CENELEC stöðlunarskjöl = 14.850

CEN og CENELEC stöðlunarskjöl sem tengjst ISO og IEC = 11.735

ETSI = 3.416

Annað = 166. Hér er um að ræða séríslenska staðla og aðra staðla sem ekki eiga rætur til evrópusamtakanna CEN og CENELEC.

Þá er Staðlaráð Íslands beintengt gagnagrunnum ISO og IEC sem bjóða upp á tugi þúsunda staðla til viðbótar svo heildarframboð gildra staðla og annars konar stöðlunarskjala í vefverslun Staðlaráðs er um 69.300 staðlar og fjölga um 1.700 á milli ára. Þess utan er þar að finna um 3.200 frumvörp að stöðlum sem eru í auglýsingarferli og um 49.500 eldri staðla og stöðlunarskjöl sem felld hafa verið úr gildi. Vefur Staðlaráðs er því uppspretta tugþúsunda verkfæra sem búin hafa verið til af færustu sérfræðingum á hverju sviði sem sammælst hafa um þau til að auka virkni og gæði vara, hluta og kerfa, öryggi og heilsuvernd fólks og árangur fyrirtækja, stofnana og ríkja.

## Kynningar- og markaðsstarf

Staðlaráð jók umfjöllun um ýmis fagmálefni á vef sínum á árinu 2022 og hafa umhverfismál staðið þar hátt ásamt umfjöllun um ýmis önnur mál sem varða staðla og stöðlun. Staðlaráð veitti einnig ríkisstofnunum ríkulegt aðgengi að staðlasafni sínu til að tryggja að starfsmenn hins opinbera, sem m.a. fara með opinbera markaðsgæslu hafi eðlilegan aðgang að þeim verkfærum sem gæslan byggir á. Ljóst er þó að Staðlaráð hefur ekki burði til að standa undir svo ríkulegum gjöfum til ríkisins til langs tíma.

Komið hefur í ljós að opinberir hagaðilar hafa ríka þörf fyrir fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf, stuðning og gott aðgengi að stöðlum og mun Staðlaráð einbeita sér að því verkefni ásamt því að halda áfram að vinna að stöðlum með einstökum greinum, s.s. mannvirkjagreinum, aðilum sem hafa hag af auknu samstarfi og þekkingu á stöðlum á sviði umhverfismála og stafrænnar þróunar svo eitthvað sé nefnt.

## Sala staðla og annarra gagna

Af einstökum gögnum voru þessi söluhæst, miðað við fjölda eintaka:

*ÍST 30: 2012 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir*

*ÍST 51:2001 Byggingarstig húsa*

*Stakir þjóðarviðaukar við þolhönnunarstaðla (Eurocodes)*

*ÍST HB 200:2021 Rafmagnsöryggispakkinn*

*ÍST EN ISO/IEC 27001:2017 Upplýsingatækni- Öryggisaðferðir-stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Kröfur*

*ÍST 150:2009 Raf- og fjarskiptalagnir/Íbúðir*

*ÍST ISO 45001:2018 Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun*

*ÍST 151:2016 Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði*

*ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun*

*ÍST EN ISO/IEC 27002:2022 Information security,*



cybersecurity and privacy protection – Information security controls

ÍST TS 92:2022 Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum  
ÍST 35:2018 Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf

Þá var talsverð eftirspurn eftir einstökum evrópustöðlum sem m.a. varða CE merkingar.

### Byggingarstaðlaráð (BSTR) - Yfirlit yfir störf á starfsárinu

Á starfsárinu hélt stjórn Byggingarstaðlaráðs 8 bókaða fundi auk aðalfundar og haustfundar. Á árinu 2022 voru haldnir fjórir opnir fræðslufundir í samstarfi við Verkfræðingafélagið þar sem mættu á milli 50 – 80 manns auk þeirra sem sáu fundina í streymi.

Ritari Byggingarstaðlaráðs er Arngrímur Blöndahl.

Í stjórn Byggingarstaðlaráðs starfsárið 2022 - 2023 sátu:

Egill Viðarsson, Verkís, formaður  
Ástgeir Rúnar Sigmarsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
Friðrik Á Ólafsson, Samtök iðnaðarins  
Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Vegagerðin  
Hafsteinn Pálsson, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Ritari ráðsins situr fundi CEN BT og sækir fundi CEN/TC 250 Structural Eurocode þar sem fjallað er um evrópska þolhönnunarstaðla. Ritari tekur einnig þátt í sameiginlegum fundum Norðurlanda um þolhönnunarstaðlana og samræmingu á gerð þjóðarviðauka við staðlana.

### Hjá Byggingarstaðlaráði voru eftirfarandi vinnuhópar (VH) og /eða verkefni virk á árinu.

- VH Staðall um lágorkuhús
- VH um endurskoðun ÍST 30 Almennir samnings- og útboðsskilmálar um verkframkvæmdir
- Ensk þýðing á ÍST 35:2018 Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf
- Stýrihópur um endurskoðun evrópsku þolhönnunarstaðlana og gerð þjóðarviðauka við þá.
- Sjálfstæðir vinnuhópar undir stýrihóp
  - VH Álagsstaðlar
  - VH Efnistaðlar
  - VH Brúarstaðlar
  - VH Brunastaðlar
  - VH Grundunarstaðlar
- VH frÍST 52 Skráning á fjölda herbergja í íbúðum
- VH frÍST 53 Skráning hæða og hæðar á byggingum
- frINSTA 500-4 Lifts – Modernization
- INSTA 500-3 Lifts – Safe working on lifts
- ÍST INSTA 2072 Plastic Pipes hluti 1 – 7

Fjöldi sérfræðinga sem taka beinan þátt í framangreindri vinnu er á bilinu 50 til 60 þar sem þeir leggja staðlastarfinu lið með sinni þekkingu og tíma. Þessi hópur vinnur án endurgjalds í staðlastarfinu þannig að atvinnulífið leggur starfinu til myndarlegt framlag án þess að það sjáist í rekstrartölum Staðlaráðs.

### Eftirfarandi verkefni eru á starfsáætlun 2023

- ÍST INSTA 142 Norrænar reglur fyrir útlitsstyrkflokkun á timbri í burðarvirki
- Þýðing steinsteypustaðla, gerð þjóðarviðauka



### Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)

Starf FIF hefur þann tilgang að taka þátt í starfi alþjóðlegrar tækninefndar, ISO/TC 234 og gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi.

Aðild að FIF eiga fimm aðilar.

#### Framkvæmdaráð FIF skipa:

Kristján Þórarinnsson, Ábyrgum fiskveiðum, formaður  
Ásta Einarasdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,  
Björn Margeirsson, Sæplast Iceland  
Hildur Hauksdóttir, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi,

Á árinu 2022 fylgdust stjórnarmenn ráðsins með gerð staðals um meðferð og samdrátt úrgangs í fiskeldi og í upphafi árs 2023 var ákveðið að taka þátt í gerð staðals um skilgreiningu flokka stórbörunga vegna útreikninga á kolefnisspori í sjávarútvegi. Af því tilefni gengu Samtök Þörungafélaga til liðs við ráðið og fulltrúi þeirra mun taka virkan þátt í starfi vinnuhópsins sem hefur gerð staðalsins á sinni könnu.

Ritari Fagstaðlaráðs í fiskimálum er Helga Sigrún Harðardóttir.

### Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)

Aðilar FUT eru 31 talsins og á vegum FUT störfuðu á tímabilinu 5 tækninefndir að 17 verkefnum þar af 5 sem enn eru í vinnslu 4 sem eru í undirbúningi og eitt á hugmyndastigi. Lokið var við 8 verkefni.

#### Stjórn FUT 2022-2023 skipaðu:

Þór Jes Þórisson, Síminn, formaður  
Ágúst Valgeirsson, Advania, varaformaður  
Ingimar Þór Friðriksson, Samtök sveitarfélaga, aðalmaður  
Ástríður Elín Jónsdóttir, fjármála- og efnahagsráðuneytisins aðalmaður  
Jóhann Þorvarðarson, Landsbankanum, aðalmaður  
Nanna Elísa Jakobsdóttir, Samtökum iðnaðarins, varamaður  
Ingbór Guðni Júlíusson, Reiknistofu bankanna, varamaður  
Guðmundur Valsson var ritari FUT á starfsárinu.

Tugir sérfræðinga úr atvinnulífi og stjórnsýslu koma að verkefnum FUT. Þátttakendurnir leggja mikinn metnað í að ná sammæli um bestu aðferðir hverju sinni.

### Helstu verkefni á árinu

Í október var haldinn haustfundur stjórnar FUT og formanna tækninefnda sem tókst vel. Á fundinum var farið yfir aðferðafræði við framleiðslu opins hugbúnaðar á vegum hins opinbera.

TN-FMP, tækninefnd um fjármálþjónustu, gaf út tækniskýrsluna TR 316 Tæknilegar leiðbeiningar og gaf út endurskoðaða útgáfu allra 6 áður útgefna tækniforskrifta sambankastaðalsins IOBWS 3.0.

TN-GRV, tækninefnd um grunngerð rafrænna viðskipta. Unnið var við rekstur á TR 237 Viðhald skeytaskilgreininga. Þá starfar innan nefndarinnar skugganefnd fyrir CEN TC 434 og CEN TC 440.

TN-UPV, upplýsingaöryggi og persónuvernd - vann að þýðingu á stöðlunum ISO/IEC 27001 og ÍST EN ISO/IEC 27002 og eru bæði skjölin komin í útgáfufarli. Þá vann VH13 að undirbúningi vinnustofu um gervigreind og persónuvernd sem halda á á haustmánuðum. Einnig er að störfum vinnuhópur við að greina þörf á viðbrögðum á Íslandi vegna Vottunarskema Netöryggis sem unnið er að á vettvangi Evrópusambandsins. Þá starfa einnig þrír vinnuhópar sem skugganefnd ISO/IEC JTC1 SC27, CEN-CENELEC JTC 13 og ISO PC 317.

TN-TþJ, tækninefnd um traustþjónustu, lauk endurskoðun á ÍST 146 Innihald almenna rafrænna skilríkja. Þá var endurskipaður vinnuhópur um eIDAS með það að markmiði að fylgja eftir innleiðingu eIDAS 2.

TN-IoT, tækninefnd um hlutanet, stóð fyrir norrænni vefráðstefnu/Webinar fyrir öryggismál hlutanetsins/IoT á neytendamarkaði.

Vinnuhópur FUT-VH1 Traustverðugleiki - Stjórn stofnaði vinnuhóp sem fylgist með stöðlun á sviði Trustworthiness og skapar ramma um umfjöllun þess Íslandi.

Erlent starf var hefðbundið á árinu, skugganefndir fylgjast með störfum nokkurra nefnda og ritarinn fylgist með störfum ISO IEC JTC1 með þátttöku á Plenary fundum.



### Rafstaðlaráð (RST)

Á starfsárinu hélt stjórn Rafstaðlaráðs 9 bókaða fundi. Á aðalfundi RST 2022 kynnti Þór Jes Þórisson frá Mílu 5G og hlutverk Mílu í uppbyggingu á 5G á Íslandi og á haustfundi var fundarefnið rafeldsneyti.

Ritari Rafstaðlaráðs er Guðmundur Valsson.

#### Í stjórn Rafstaðlaráðs starfsárið 2022 - 2023 sátu:

Emil Sigursveinsson, Verkís verkfræðistofu, formaður  
Einar Falur Zoega Sigurðsson, Landsneti  
Svanur Baldursson, Mílu  
Eybór Helgi Úlfarsson RARIK  
Andri Reyр Haraldsson Rafiðnaðarsambandsins/Rafmennt

Ritari ráðsins situr fundi CENELEC BT og fer á aðalfundi IEC og tekur þátt í IF - IEC Forum sem er samstarf þjóðarritara þeirra þjóða sem taka þátt í IEC. Einnig tekur ritari þátt í NOREK samstarfi norrænna rafstaðlaráða og var í forsvari þess á árinu. Haldnir voru tveir Norek fundir.

Á vegum Rafstaðlaráðs tóku sjö ungir fagmenn þátt í NOREK vinnustofunni Nordic YP á fjárfundi og tveir þeirra fóru, í boði Rafstaðlaráðs, á vinnustofuna IEC YP sem haldin var samhliða aðalfundi IEC í San Francisco.

Rafstaðlaráð gefur út árlega útgáfu af handbókinni ÍST HB 200 um raflagnir bygginga.

Hjá Rafstaðlaráði voru eftirfarandi hópar virkir á árinu.

- NTC 64 Tækninefnd um raflagnir bygginga
- SH-200 Stýrihópur um útgáfu ÍST-HB-200
- SH Stýrihópur um samstarf við Rafmennt
- VH2 Vinnuhópur Orðalistar HB 200
- VS - Vinnustofa Landtengingar skipa-
- TN-150 Tækninefnd um endurskoðun staðals ÍST-150 Raflagnir fyrir íbúðarhúsnæði - Gerð, staðsetning, lagnaleiðir og fjöldi tengistaða

Eftirfarandi verkefni eru á starfsáætlun 2023

- Umsjón Rafstaðlaráðs
- VS-6 Landtengingar Skipa
- SH Rafmennt
- VH Orðalistar í ÍST HB 200
- YP IEC/Nordic þátttaka - ungt fagfólk
- RST Erlent samstarf
- RST NOREK þátttaka
- RST IEC þátttaka -GM2023 og NC secretary forum
- TN ITR Rafbílanefndin
- HB 200 (útgáfa 2023 og undirbúningur 2024)

# Evrópustöðlun

Þátttaka í evrópsku staðlastarfi er veigamesti hlutinn af verkefnum Staðlaráðs. Með aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN (e. European Committee for Standardization) CENELEC (e. European Committee for Electrotechnical Standardization) og aukaaðild að ETSI (e. The European Telecommunication Standards Institute) er Staðlaráð skuldbundið til að gera Evrópustaðla (EN) að íslenskum stöðlum og auglýsa frumvörp og nýja staðla samkvæmt reglum samtakanna. Auglýsingarnar eru birtar í Staðlatíðindum sem eru öllum aðgengileg á heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

Framkvæmdastjóri hefur sótt aðalfundi CEN og CENELEC og ritarar fagstaðlaráða tækniráðsfundi auk þess að fylgjast með störfum einstakra tækninefnda sem tengjast innlendu stöðlunarstarfi og verkefnum fagstaðlaráða.

Framundan er samráðs- og þróunarferli aðila að CEN og CENELEC sem snýst um útfærslu samtakanna á nýrri stefnu ESB á sviði staðlamála og auknum kröfum til staðlasamtaka vegna hennar. Mikilvægt er að Staðlaráð Íslands gæti hagsmuna Íslands á þeim vettvangi þar sem þarfir og áskoranir á okkar litla markaði endurspeglar ekki endilega stöðu á stærri mörkuðum.

Heildarfjöldi gildra staðla frá CEN og CENELEC, í árslok 2022, var 24.221. Um þriðjungur af heildarfjölda þeirra staðla sem gefnir eru út á vegum CEN á rætur að rekja til stöðlunarbeiðna frá Evrópusambandinu vegna samræmingar og samhæfingar á innri markaði í Evrópu.

Vegna hins nána samstarfs alþjóðlegra, evrópskra og staðlasamtaka einstakra landa voru um 80% af útgefnum stöðlum á vegum CENELEC ýmist samhljóða eða byggðu á stöðlum frá alþjóðlegu staðlasamtökunum IEC. Um 30% af útgefnum stöðlum á vegum CEN var samhljóða alþjóðlegum ISO stöðlum. Tæplega helmingur útgefna staðla í Evrópu eru því alþjóðlegir í grunninn. Allir evrópskir staðlar eru svo staðfestir sem íslenskir til að tryggja að Ísland eigi aðild að þeim innviðum sem auðvelda markaðsaðgengi, öryggi og

heilsuvernd, virkni og umhverfisvernd. Langflestar tilvísanir til staðla má finna í lágspennutilskipuninni, véltilskipuninni, reglugerð um byggingarvörur, tilskipun um þrýstibúnað, reglugerð um persónuhlífar, tilskipun um lækningatæki og tilskipun um rafsegulsamhæfi. Allar þessar evrópugerðir hafa verið innleiddar á Íslandi.

Staðlaráð er ekki í stakk búið til að fylgjast með öllum verkefnum á vegum hinna evrópsku samtaka en innlendir sérfræðingar í hundraða tali fylgjast með störfum evrópskra tækninefnda á hverjum tíma. Starfsmenn Staðlaráðs taka þátt í starfi slíkra nefnda þegar unnið er að eiginlegri stöðlun í fagstaðlaráðum, s.s. vegna endurskoðunar á evrópskum þölnunnarstöðlum sem staðfestir eru sem íslenskir með íslenskum þjóðarviðaukum. Með því er haldið uppi lágmarks hagsmunagæslu með sem minnstum tilkostnaði.

Ný stefna ESB um stöðlun og staðla, sem sett var á árinu 2022 leggur aukna áherslu á notkun staðla til að styðja við einsleitni á innri markaði í Evrópu og leggur auknar skyldur á herðar staðlasamtökum.

Staðlafrumvörp frá fjarskiptastaðlasamtökunum ETSI eru auglýst til umsagnar jafnóðum og þau berast og Evrópustaðlar frá ETSI eru staðfestir sem íslenskir staðlar. Að öðru leyti tekur Staðlaráð ekki þátt í störfum ETSI, heldur hin íslenska fagstofnun Fjarskiptastofa. Í árslok 2022 var fjöldi gildra íslenskra staðla frá ETSI er 3.416 en heildarfjöldi ETSI staðla, tækniforskrifta og annarra stöðlunarskjala er 53.000 talsins sem hafa verið sóttir 19 milljón sinnum. ETSI staðlar eru aðgengilegir án endurgjalds, ólíkt stöðlum frá CEN og CENELEC en þeir móta netöryggi, gervigreind, Internet of Things, samvirkni ólíkra kerfa og fjarskiptakerfi eins og 5G. Það má því segja að á vettvangi ETSI fari mótun framtíðarinnar fram.





# Alþjóðleg stöðlun

Aðild Staðlaráðs að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO (e. International Organization for Standardization) felur ekki í sér skuldbindingu um að ISO-staðlar séu gerðir að íslenskum stöðlum. ISO staðlar eru hins vegar alþjóðlegir og eru því hryggjarstykki í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. Fagstaðlaráð í fiskimálum, FIF, tekur virkan þátt í tækninefnd ISO á sviði fiskveiða og fiskeldis. Nokkrir af aðilum Staðlaráðs eru einnig virkir í störfum tækninefnda ISO, á sínu sviði, til að gæta íslenskra hagsmuna og hagsmuna sinnar atvinnugreinar. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs sækir jafnan aðalfund ISO.

Aðildarlönd ISO voru 167 talsins í lok ársins. Á vegum samtakanna störfuðu á fjórða þúsund tækninefndir með fjölmörgum undirnefndum og vinnuhópum. Fjöldi ISO-staðla og stöðlunarskjala er nú tæplega 24.600 á 1.190.913 blaðsíðum. 1.400 ISO staðlar voru gefnir út á árinu og 1.525 verkefni voru í vinnslu um áramótin.

Staðlaráð Íslands er aukaaðili að Alþjóða raftækniráðinu IEC (e. International Electrotechnical Commission) og sótti ritari Rafstaðlaráðs aðalfund ráðsins á árinu. Aukaaðilum er heimil takmörkuð þátttaka í störfum tækninefnda samtakanna og er Staðlaráð skráð sem þátttakandi í einni nefnd. Samkvæmt sérstöku samkomulagi IEC og CENELEC eru fjölmargir IEC-staðlar gefnir út samtímis sem Evrópustaðlar og eru því gerðir að íslenskum stöðlum.

Aðildarlönd IEC eru samtals 89. Árið 2022 störfuðu 214 tækninefndir og undirnefndir á vegum IEC auk rúmlega 1600 vinnuhópa af ýmsu tagi. Heildarfjöldi útgefna IEC-staðla og annarra stöðlunarskjala var 11.448 í árslok, þar af voru 652 gefin út á árinu 2022. 1.783 verkefni voru í vinnslu um áramót.



---

## Norrænt samstarf INSTA og NOREK

Staðlastofnanir Norðurlandanna hafa með sér töluvert samstarf sem felst að mestu í gagnkvæmri upplýsingagjöf, samræmingu á framþróun í staðlastarfi og samræmingu afstöðu til ýmissa mála innan evrópsku og alþjóðlegu staðlasamtakanna, eftir því sem tilefni er til. Á árinu 2022 áttu Norðurlöndin m.a. með sér samstarf um að ráðast í gerð rannsóknar á virði staðla þegar horft er til

framleiðsluaukningar og útflutnings. Framkvæmdastjórar þessara staðlasamtaka og eftir atvikum aðrir starfsmenn, funda fjórum til fimm sinnum á ári, oft í tengslum við aðra viðburði, svo sem aðalfundi CEN, CENELEC, ISO og IEC. Íslendingar hafa oftár en ekki notið góðs af samstarfinu þar sem ýmsar lausnir sem unnar hafa verið hjá nágrönnum okkar hafa nýst sem fyrirmyndir hérlendis.



# **Staðlaráð Íslands**

---

Ársreikningur

---

**31.12.2022**

Staðlaráð Íslands  
591193-2019  
Þórunnartúni 2  
105 Reykjavík

---

# Staðlaráð Íslands

---

Ársreikningur

---

**31.12.2022**

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-10

---

# Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Staðlaráðs Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022 í samræmi við lög um ársreikninga og ríkjandi reikningsskilareglur.

## Grundvöllur að álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Staðlaráði Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn félagsins og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þess og upplýsa eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og í kjölfarið gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gætu verið til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðun framkvæmum við eftirfarandi:

- Greinum og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 28. febrúar 2023

### Endurskoðun Skattur & Bókhald ehf.

Egill Helgason,  
endurskoðandi

Við kjörnir skoðunarmenn Staðlaráðs Íslands höfum yfirfarið ársreikning ráðsins fyrir árið 2022 og höfum ekki athugasemdir fram að færa hvað hann varðar. Með vísan til áritunar endurskoðanda hér að framan leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 28. febrúar 2023

Guðmundur V. Friðjónsson

Steinunn Sigvaldadóttir

# Skýrsla stjórnar

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36 2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands koma fram í ársreikningi þessum fyrir árið 2022 allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Afkoma ráðsins á árinu 2022 var jákvæð sem nemur kr. 0,3 milljónum, samanborið við kr. 0,3 milljóna jákvæða afkomu árið áður. Í árslok námu heildareignir félagsins kr. 78,7 milljónum og eigið fé kr. 60 milljónum. Hvað aðrar breytingar á eigin fé varðar, vísast í ársreikning ráðsins.

Á árinu störfuðu að jafnaði um 7 starfsmenn hjá Staðlaráði og námu launagreiðslur kr. 78 milljónum.

Staðlaráð hefur haft þjónustusamning við Menningar- og viðskiptaráðuneytið og gildir nýr samningur fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 31. desember 2023.

Húsaleigusamningur Staðlaráðs um núverandi húsnaði í Þórunnartúni rennur út í maí 2023. Af hálfu ráðsins var ákveðið að endurnýja ekki þann samning, heldur leita nýs samnings um hagkvæmara og hentugra húsnaði. Mun starfsemi ráðsins því í apríl næstkomandi flytjast úr Þórunnartúni 2 í Reykjavík yfir í Urðarhvarf 8 í Kópavogi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík 28. febrúar 2023

Í stjórn

Kristjana Kjartansdóttir

Ásdís Sigurðardóttir

Kristján Þórarinnsson

Egill Viðarsson

Emil Sigursveinsson

Þór Jes Þórisson

Gyða Björg Sigurðardóttir

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

Sigurður Mátsson

Framkvæmdastjóri

Helga Sigrún Harðardóttir

## Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Tekjur</b>	4		
Framlög á fjárlögum.....		70.000.000	70.000.000
Önnur framlög.....		34.473.802	36.172.651
Aðildargjöld.....		18.854.000	17.417.000
Sölu tekjur.....		27.975.113	35.251.575
Tekjur samtals		151.302.915	158.841.226
 <b>Rekstrarkostnaður</b>			
Efni og aðkeypt vinna.....		19.290.187	29.575.563
Laun og launatengd gjöld.....	5	98.871.821	95.886.985
Annar rekstrarkostnaður.....		32.497.222	32.039.387
Afskriftir.....	8	988.039	988.039
Rekstrarkostnaður samtals		151.647.269	158.489.974
 <b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....</b>		-344.354	351.252
Vaxtatekjur.....		859.703	121.664
Vaxtagjöld.....		-243.083	0
Gengismunur.....		10.440	-142.471
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) samtals		627.060	-20.807
 <b>Afkoma ársins.....</b>		282.706	330.445

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	8	846.891	1.834.930
<b>Fastafjármunir samtals</b>		846.891	1.834.930
<b>Veltufjármunir</b>			
Fyrirframgreiðslur.....		283.102	261.889
Viðskiptakröfur.....	9	10.975.160	5.473.540
Aðrar skammtímakröfur.....		212.101	0
Handbært fé.....	10	66.366.188	74.324.622
<b>Veltufjármunir samtals</b>		77.836.551	80.060.051
<b>Eignir samtals</b>		78.683.442	81.894.981
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
	11		
Varasjóður.....		10.414.972	15.000.000
Óráðstafað eigið fé.....		49.826.768	44.959.034
<b>Eigið fé samtals</b>		60.241.740	59.959.034
<b>Skuldir</b>			
Fyrirfram innheimtur.....		0	5.833.333
Viðskiptaskuldir.....		1.586.010	1.902.729
Aðrar skammtímaskuldir.....		16.855.692	14.199.885
<b>Skuldir samtals</b>		18.441.702	21.935.947
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		78.683.442	81.894.981

# Skýringar

## 1. Staðlaráð Íslands

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36/2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Innan Staðlaráðs Íslands starfa eftirfarandi fagstaðlaráð:

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni  
Fagstaðlaráð í fiskimálum  
Byggingastaðlaráð  
Rafstaðlaráð

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

### Innlausn tekna

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningsskilareglur, þ.e. við afhendingu vöru og þjónustu.

### Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði árslutareikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

## 3. Afkoma rekstrareininga

Afkoma rekstrareininga á árinu 2022 og eignir, eigið fé og skuldir í árslok greinast með eftirfarandi hætti:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Staðlaráð Íslands	Samtals
Tekjur.....	16.724.025	9.757.079	10.827.157	1.038.000	112.956.654	151.302.915
Þjónusta Staðlaráðs Íslands....	-7.545.000	-7.560.000	-7.342.500	-60.000	22.507.500	0
Annar kostnaður.....	-4.435.082	-306.127	-2.474.432		-144.219.527	-151.435.168
Fjármagnstekjur.....	252.346	70.627	130.140	132.358	62.131	647.602
Fjármagnsgjöld.....	-55.516	-15.538	-28.631	0	-132.958	-232.643
Afkoma ársins.....	4.940.773	1.946.041	1.111.734	1.110.358	-8.826.200	282.706
Eignir 31.12.2022.....	14.069.900	10.863.925	17.103.184	7.309.759	29.336.674	78.683.442
Eigið fé 31.12.2022.....	14.069.900	10.863.925	17.103.184	7.309.759	10.894.972	60.241.740
Skuldir 31.12.2022.....	0	0	0	0	18.441.702	18.441.702



## Skýringar

### 4. Tekjur

Staðlaráð hefur gert þjónustusamning við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um framlag til starfseminnar, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Þá tekur samningurinn einnig til greiðslu árlegra aðildargjalda ráðsins að erlendum staðlasamtökum. Gildistími núverandi sammings er frá 1. janúar til 31. desember 2023.

Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2022	2021
<b>Framlög á fjárlögum</b>		
Framlög á fjárlögum, skv. þjónustusamningi.....	70.000.000	70.000.000
<b>Önnur framlög</b>		
Framlög ANR vegna erlendra aðildar, skv. þjónustusamningi.....	11.643.302	11.364.669
Framlög hagsmunaaðila fyrir stöðlunarstörf.....	21.930.500	23.907.982
Framlög Póst og Fjarskiptastofnunar.....	900.000	900.000
	<u>34.473.802</u>	<u>36.172.651</u>
<b>Aðildargjöld</b>		
Aðildargjöld.....	18.854.000	17.417.000
	<u>18.854.000</u>	<u>17.417.000</u>
<b>Sölutekjur</b>		
Seldir staðlar.....	24.135.435	28.977.291
Rafmagnsöryggispakkinn.....	3.839.678	3.275.678
Námskeið.....	0	2.285.000
Aðrar sölutekjur.....	0	713.606
	<u>27.975.113</u>	<u>35.251.575</u>
	<u><u>151.302.915</u></u>	<u><u>158.841.226</u></u>

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast með eftirfarandi hætti:

	2022	2021
Laun .....	78.082.058	76.418.235
Lífeyrissjóður.....	9.708.209	9.661.082
Annar launatengdur kostnaður.....	6.986.037	5.529.038
Annar starfsmannakostnaður.....	4.095.517	4.278.630
	<u>98.871.821</u>	<u>95.886.985</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	6,5	6,5

## Skýringar

### 6. Leigusamningar

Félagið hefur hefur haft leigusamning um húsnæði í Þórunnartúni, sem rennur út í maí 2023. Nýr leigusamningur hefur verið gerður frá mars 2023 um hentugra húsnæði undir starfsemi ráðsins í Urðarhvarfi í Kópavogi. Leigusamningar ráðsins teljast rekstrarleigusamningar og því hvorki færður upp eignarréttur eða skuldbinding þeim fylgjandi í efnahagsreikning. Gjaldfærðar leigugreiðslur, meðal annars rekstrarkostnaðar, á árinu 2022 námu kr. 16 milljónum samanborið við kr. 14,7 milljónir á árinu 2021.

Leigugreiðslur í samræmi við skuldbindandi samninga dreifast með eftirfarandi hætti í árslok á komandi ár:

	31.12.2022	31.12.2021
Samningsbundnar leigugreiðslur 2023/2022.....	12.615.216	15.172.536
Samningsbundnar leigugreiðslur 2024/2023.....	8.429.040	5.057.512
Samningsbundnar leigugreiðslur 2025/2024.....	8.429.040	0
Samningsbundnar leigugreiðslur 2026/2025.....	8.429.040	0
Samningsbundnar leigugreiðslur 2027/2026.....	8.429.040	0
	<u>46.331.376</u>	<u>20.230.048</u>

### 7. Tekjuskattur

Í samræmi við 4. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt greiðir Staðlaráð Íslands ekki tekjuskatt.

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast með eftirfarandi hætti:

	Áhöld og tæki
<b>Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2021</b>	
Keypt á árinu.....	2.822.969
Afskriftir ársins.....	-988.039
	<u>1.834.930</u>
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2021</b>	
Stofnverð.....	2.822.969
Uppsafnaðar afskriftir.....	-988.039
	<u>1.834.930</u>
<b>Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2022</b>	
Keypt á árinu .....	0
Afskriftir ársins.....	-988.039
	<u>-988.039</u>
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2022</b>	
Stofnverð .....	2.822.969
Uppsafnaðar afskriftir .....	-1.976.078
	<u>846.891</u>
Afskriftarhlutföll.....	35%

Vátryggingarfjárhæð áhalda og tækja nemur kr. 31 milljón.

## Skýringar

### 9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### 10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

### 11. Eigið fé

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands á árinu 2005, var tekin sú ákvörðun að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveimur þriðju hlutum varasjóðsins er ætlað að vera almennur varasjóður, en þriðjungi hans er ætlað að vera tímabundin fjármögunun til einstaka fagstaðlaráða innan Staðlaráðs Íslands, vegna verkefna sem þau hafa tekist á hendur, en enn hefur ekki verið lokið við fjármögnun á. Tillög í framangreindan varasjóð, sem og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2021.....	12.633.333	46.995.256	59.628.589
Afkoma ársins 2021.....	0	330.445	330.445
Tillag í varasjóð.....	2.366.667	-2.366.667	0
Eigið fé 31.12.2021.....	15.000.000	44.959.034	59.959.034
Afkoma ársins 2022.....	0	282.706	282.706
Ráðstöfun úr varasjóði.....	-4.585.028	4.585.028	0
Eigið fé 31.12.2022.....	10.414.972	49.826.768	60.241.740

Óráðstafað eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á starfandi fagstaðlaráð innan Staðlaráðs Íslands:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Staðlaráð Íslands	Óráðstafað eigið fé Samtals
Óráðst. eigið fé 1.1. 2022.....	9.129.127	6.199.401	8.917.884	16.471.450	4.241.172	44.959.034
Afkoma ársins 2022.....	4.940.773	1.110.358	1.946.041	1.111.734	-8.826.200	282.706
Ráðstöfun úr varasjóði.....	0	0	0	0	4.585.028	4.585.028
Óráðst. eigið fé 31.12. 2022...	14.069.900	7.309.759	10.863.925	17.583.184	0	49.826.768

### 12. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

## Sundurliðanir 2022

	2022	2021
<b>Efni og aðkeypt vinna</b>		
Aðkeypt þjónusta vegna staðlagerðar.....	5.716.413	16.134.415
Aðildargjöld að fagfélögum.....	11.896.736	11.528.199
Keyptir erlendir staðlar.....	1.677.038	1.843.599
Birgðabreyting.....	0	69.350
	<u>19.290.187</u>	<u>29.575.563</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	78.082.058	76.418.235
Lífeyrissjóður.....	9.708.209	9.661.082
Tryggingagjald.....	5.674.786	5.346.966
Reiknað orlof.....	1.311.251	182.072
Félagsgjöld.....	1.856.950	1.874.190
Bifreiðastyrkir.....	1.576.440	1.575.624
Menntun og námskeið.....	171.000	346.800
Tryggingar starfsfólks.....	133.825	126.576
Annars starfsmannakostnaður.....	357.302	355.440
	<u>98.871.821</u>	<u>95.886.985</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	15.994.160	14.729.116
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	3.546.288	3.429.321
Rekstur tölvubúnaðar og símkerfa.....	5.156.189	4.163.990
Gjaldfærð áhöld, tæki og innréttingar.....	274.241	312.684
Bækur, pappír, prentun og ritföng.....	56.225	209.748
Ýmis bankakostnaður.....	419.428	503.063
Endurskoðun og reikningsskil.....	452.725	1.341.438
Rekstur heimasíðu og vefverslunar.....	1.951.102	2.282.602
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	211.575	1.355.593
Vátryggingar.....	222.432	214.348
Auglýsingar.....	387.379	437.195
Gjafir.....	504.135	439.169
Ferðakostnaður.....	1.477.581	101.573
Ráðstefnur.....	58.900	108.445
Dagpeningar.....	830.749	108.851
Aðkeyptur akstur.....	8.768	110.330
Rekstur kaffistofu.....	321.565	1.604.243
Aðrar kaffiveitingar.....	576.883	506.175
Annar ósundurliðaður kostnaður.....	46.897	81.503
	<u>32.497.222</u>	<u>32.039.387</u>



Íslenskir staðlar